

Drög að breytingu á reglugerð nr. 237/2014 um tækniröfur og stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi:

Ákvæði reglugerðarinnar um sérstaka starfrækslu (verkflug) í ábataskyni gilda einnig fyrir loftför sem falla undir II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.